

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 5. mars 2018  
UST201801-194/K.S.J.  
10.04.02

### Efni: Lýsing. Aðalskipulag - breyting - Ásland

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar er barst 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar er varðar framtíðarskipulag Ásvallabraut og tengingu hennar við Kaldárselsveg.


#### Náttúruminjar

Í lýsingu kemur fram að á svæðinu sem tillaga að breytingu nær yfir eru nútímahraun, þ.e. Gráhelluhraun og Kapelluhraun. Í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram í gr. 61 að eldvörp, eldhraun, gervigigar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma njóti sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við hönnun þeirra breytingu sem tillagan nær til, sé tekið tillit til jarðmyndana sem óraskaðar eru.

Að öðru leyti er að mati Umhverfisstofnunar í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rakel S Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur